

## Rammi og Reglur

### FRÁ HÖNNUN TIL ÚTFLUTNINGS

---

Markmið verkefnisins er að nýta möguleikana sem felast í samstarfi hönnuða við lítil- og meðalstór fyrirtæki. Samstarfinu er ætlað að efla þátt hönnunar innan fyrirtækja með það að leiðarljósi að skapa ný tækifæri í útflutningi og innleiða sýn hönnunar við þróun á útflutningsvöru og þjónustu. Fyrirtæki og hönnuðir eru leidd saman með það að markmiði að hanna og framleiða vöru til útflutnings.

#### Forsendur fyrir þáttöku

- Framleiðslufyrirtæki sem eru í útflutningi eða huga að útflutningi á vöru
- Fagmenntaðir hönnuðir.

#### Markmið

- Að hanna nýja vöru til framleiðslu og útflutnings.

#### Umsóknarferli

- Auglýst er eftir fyrirtækjum og sækja þau um á sérstöku umsóknareyðublaði
- Fyrirtækin skulu útbúa verkefnalýsingu (brief) fyrir hönnuðina og tilnefna tengilið sem veitir upplýsingar um verkefnið.
- Þegar fyrirtækin liggja fyrir er auglýst er eftir hönnuðum. Hver hönnuður eða hönnunarteymi getur sent inn tillögur eða hugmyndir að verkefni til tveggja fyrirtækja. Óskað er eftir grófum tillögum, þar sem stuðst er við verklýsingar fyrirtækjanna. Tillögum skal skila í lokuðu umslagi merktu dulnefni til Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Aðalstræti 10, 101 Reykjavík, fyrir kl. 17.00, föstudaginn 19. desember 2008. Í aðalumslaginu skal vera annað lokað umslag merkt dulnefni en inni í því þarf rétt nafn hönnuðar, heimilisfang og sími að koma fram. Tillögum skal skila útprentuðum á A4 blaði í lit (hámark 3 síður). Tillögur skulu einnig fylgja með á disk í pdf skjölum.

#### Val á þáttakendum

- Fagráð velur saman fyrirtæki og hönnuði úr hópi umsækjenda í samráði við fyrirtækin
- Fagráð skipa:
  - Helga Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs 66° Norður.
  - Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands.
  - Hrafnkell Birgisson, Félagi vöru- og iðnhönnuða.

### **Fjármögnun og styrkur**

- Þátttakendur í verkefninu fá 50% mótframlag vegna kostnaðar við ráðningu hönnuðar.
- Styrkur til einstakra verkefna nemur 550 þús. kr. og skal fyrirtækið leggja til jafnháa upphæð á móti.

### **Samningur milli hönnuðar, fyrirtækis og Útflutningsráðs**

- Fyrirtæki og hönnuður skrifa undir verksamning og samning um höfundarétt og höfundarréttargreiðslur.

### **Árangursmat**

- Útflutningsráð/ fagráð mun fylgjast með þeim verkefnum sem hafa hlotið styrki og setur sig þá í samband við bæði hönnuð og fyrirtæki.
- Úttektirnar verða 20. febrúar og 20. apríl 2009
- Fagráð skal upplýsa um verkefni og nöfn umsækjenda sem hljóta styrk þar sem um opinbert fé er að ræða.
- Fyrstu frumgerðir úr verkefninu verða til sýnis 15. maí 2009.